



## 18. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Miðvikudagur 26. júní 2024 kl. 12:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Lárus Blöndal annar varaformaður, Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH), Ágúst Angantýsson (ÁA), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) og Jón Bender (JB).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðuðu: Birna Lárusdóttir varaformaður (BL) og Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK)

HSJ ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

### 2. Móta-, félagaskipta- og dómakerfi KKÍ

Farið var yfir stöðuna á mótakerfi KKÍ sem tekið var í notkun fyrir síðasta keppnistímabil og lagt fram minnisblað frá Rúnari Birgir Gíslasyni sem HSJ hafði óskað eftir við hann að gera. Ákveðið að hætta með þetta nýja mótakerfi og fara í kerfið sem notað var áður á meðan verið er að skoða málið. HSJ mun ræða við Rúnar Birgi um að vera skrifstofu innan handar vegna þessa næstu vikur. Núna verður gefið örlítið andrými á þessum málum og í haust verður farið í að skoða þessi mál heilstætt til framtíðar.

### 3. Markaðs- og kynningarmál

Farið yfir tvo minnisblöð frá HSJ annars vegna vegna sölu á nafnarétti á úrvalsdeildum sem munu bera heiti Bónus og svo vegna sölu á sjónvarps veðmálarétti (TV betting) og klára samning við fyrirtæki sem heitir IMG. Tillögur á báðum minnisblöðum samþykktar.

### 4. Gjald fyrir leikheimild

Umræður um gjald fyrir erlenda leikmenn, hvort breyta eigi gjaldtöku með því að innleiða stighækkandi gjald. Ákveðið að halda gjaldinu óbreyttu frá því sem samþykkt var á fundi í maí en skoða málið vel fyrir framtíðina.

### 5. Önnur mál/til upplýsinga

Næsti fundur mánudaginn 19. ágúst 2024 kl. 17:00.

Fundi slitið 13:05